

Aðalfundur Sjóvá - Almennra trygginga hf. 2024

Fundargerð

Fimmtudaginn 7. mars 2024, kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
- Tillögur til breytinga á samþykktum.
- Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
- Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir dagskrá fundarins og ársreikningur félagsins fyrir árið 2023.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Hildur Árnadóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro.

Þá sátu fundinn Sæmundur Valdimarsson og Sigríður Soffía Sigurðardóttir frá endurskoðanda félagsins KPMG ehf.

Formaður stjórnar setti fundinn og kaus fundurinn Kristínu Edwald sem fundarstjóra og Sigríði Helgu Árnadóttur sem fundarritara. Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann lögmætan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir félagsins.

Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 1 og 2 yrðu afgreiddir saman og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að mætt var fyrir hönd hluthafa með samtals 921.902.662 hluti, þ.e. 79,71% af atkvæðisbæru hlutafé í félaginu.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Björgólfur kvað rekstur Sjóvár á árinu 2023 endurspeglar kröftugan grunnrekstur og góða afkomu af fjárfestingastarfsemi. Afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir árið 2023 hefði verið góð ekki síst þegar haft væri í huga að nokkur stærri tjón hefðu fallið til á árinu. Góður tekjuvöxtur skýrðist af miklum metnaði í þjónustu, þéttriðnu útibúaneti ásamt góðum stafrænum lausnum sem efltu þjónustugestum enn frekar. Hagnaður ársins hefði numið 4.626 m.kr. og samsett hlutfall verið 94,6%. Hagnaður af váttryggingarekstri fyrir skatta hefði numið 1.695 m.kr. og afkoma af fjárfestingastarfsemi numið 4.500 m.kr. fyrir fjármagnsliði og skatta. Þar af hefði söluhagnaður af eignarhlut Sjóvár í Kerecis verið 1.260 m.kr. Nefndi Björgólfur að ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu hefði verið 9,0% og verið góð í ljósi þróunar eignamarkaða og umfram viðmiðunarvísitölur. Óskráð hlutabréf skili bestu ávöxtuninni á árinu en afkoman sé annars vel dreifð milli eignaflokka. Tekjuvöxtur hefði numið 11,6% á árinu. Sterk staða og ímynd félagsins styðji við vöxtinn, auk þess sem aukin umsvif í atvinnulífi, einkum í ferðapjónustunni, birtist í auknum iðgjöldum. Samhliða auknum umsvifum væri tjónakostnaður að aukast umfram tekjur af váttryggingasamningum sem kallaði á enn frekari greiningu tilvika og eftir atvikum skýrari aðgerðum til forvarna. Tjón ársins hefðu hækkað um 15,8% milli ára. Tjónahlutfall ársins hefði verið 74,9% samanborið við 72,2% árið á undan. Tjónaþróun hefði verið í takt við áætlanir en stórtjón liti afkomu ársins. Kvað Björgólfur neikvæða þróun í frjálsum ökutækjatrýggingum skýra hækkun tjónahlutfalls á milli ára en jákvæð matsþróun vegna eldri ára dempaði tjónkostnað ársins 2023. Kostnaðarhlutfall hefði lækkað með vexti tekna af váttryggingasamningum. Björgólfur sagði skilvirkni í grunnrekstri halda áfram að eflast þar sem stöðugildum væri að fækka þrátt fyrir tekjuvöxt og fjölgun viðskiptavina.

Greindi Björgólfur frá því að tæplega 32 þúsund tjónlausir viðskiptavinir hefðu fengið samtals 874 m.kr. með Stofn-endurgreiðslu. Þetta væri 29. árið í röð sem endurgreiðsla af þessu tagi færi fram, en Sjóvá væri eina tryggingafélagið á íslenskum markaði sem gerði þetta. Þá hefði verið komið til móts við Grindvíkinga vegna óvissu sökum náttúruhamfara með endurgreiðslu, en um 1.100 viðskiptavinir hefðu fengið endurgreidd iðgjöld desembermánaðar, um 30 m.kr. Greindi Björgólfur frá því að Sjóvá myndi endurgreiða iðgjöld bruna- og fasteignatrýgginga einstaklinga á meðan núverandi ástand ríkti.

Ávarpaði Björgólfur fundarmenn og greindi frá því að allt frá skráningu á markað hefði það verið stefna félagsins að Sjóvá væri arðgreiðslufélag og að greiddur arður til hluthafa væri að lágmarki 50% af hagnaði félagsins hvers árs, að því gefnu að gjaldþol væri innan gjaldþolsviðmiða stjórnar. Stjórn legði því til við aðalfund að greiddur yrði út arður sem næmi 2,12 kr. á hlut fyrir rekstrarárið 2023 eða um 2.450 m.kr. sem yrði greitt síðar í mánuðinum ef tillagan fengi brautargengi. Félagið væri fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfall 1,40 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup, sem væri innan gjaldþolsviðmiða stjórnar. Eiginfjárlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu væri 30,1%, fjárhagsstaða félagsins traust og félagið eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri. Greindi Björgólfur frá því að í árslok 2023 hefðu hluthafar verið 1.146 en 1.265 í ársbyrjun og hvernig hlutföll skiptust í eigendahópi.

Þá fór Björgólfur yfir það að innleiddur hefði verið nýr reikningsskilastaðall, IFRS 17 um váttryggingasamninga sem hefði tekið við af IFRS 4 fyrir reikningsskilatímabilið sem hófst frá og með 1. janúar 2023. Helstu breytingar fælust í framsetningu á rekstrar- og efnahagsreikningi sem væri með talsvert breyttu sniði auk þess sem ný hugtök hefðu verið innleidd í rekstrar- og efnahagsreikningi. Ítarlegar upplýsingar um áhrif innleiðingarinnar væri að finna í skýringum 5 og 6 a-c í ársreikningi. Björgólfur kom inn á að á aðalfundi árið 2023 hefði verið samþykkt heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Keyptir hefðu verið 21,8 milljón eigin hlutir á árinu 2023. Tilgangur endurkaupa væri að lækka útgefið hlutafé. Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi eftir kaup eigin hluta væri um 1.157 m.kr.

Að lokum nefndi Björgólfur að sá góði árangur sem hefði náðst í rekstri lægi fyrst og fremst í mannauði félagsins. Stjórn legði til við aðalfund nú að gera breytingar á starfskjarastefnu þannig að stjórn fengi heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun sem myndi heimila félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk. Markmið væri að tengja saman hagsmuni starfsmanna við hluthafa, auk þess sem það myndi hjálpa til við að laða að hæft starfsfólk og auka tryggð innan félagsins. Kaupréttaráætlun skyldi uppfylla kröfur 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem fæli meðal annars í sér að kaupréttur að hlutabréfum skyldi ná til allra fastra starfsmanna félagsins, og lagt væri til að hámarksfjárhæð yrði 1,5 m.kr. á ári að kaupverði og að áætlun gildi í 3 ár. Sú áætlun sem stjórn útfærði skyldi staðfest af Skattinum áður en hún yrði sett á fót.

Fyrir hönd stjórnar þakkaði Björgólfur starfsmönnum félagsins fyrir frábært starf á árinu 2023. Nefndi hann að einn lykill að árangri félagsins fælist í sterkum og samheldnum hópi sem hefði skýr markmið og hefði sýnt eftirtektarverðan árangur. Þakkaði hann sérstaklega forstjóra félagsins fyrir mjög gott og árangursríkt samstarf en hann leiddi sterkan og samheldinn hóp starfsmanna til góðra verka. Hluthöfum þakkaði hann traustið og viðskiptavinum tryggð við félagið og samfylgdina á árinu 2023. Stjórn vildi hann þakka samstarfið á starfsárinu.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.

Hermann Björnsson forstjóri Sjóvár tók til máls um þennan lið og þá tillögu stjórnar að fyrirleggjandi ársreikningur fyrir árið 2023 yrði samþykktur. Hermann kvað formann stjórnar hafa gert góða greina fyrir þeim fjárhagslega árangri sem hefði náðst á árinu. Hann hygðist fara yfir helstu forsendur að baki þeim árangri. Á undanförunum árum hefði mikil áhersla verið lögð á þjónustu gagnvart viðskiptavinum hvort sem það sneri að þjónustuupplifun, váttryggingavernd, úrvinnslu tjónamála eða frumkvæði í samskiptum. Fyrir nokkrum árum hefði verið mörkuð sú stefna að verða þjónustufyrirtæki í fremstu röð. Sjóvá hefði verið eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR 2023 sem væri ein stærsta vinnustaðakönnun sem framkvæmd væri á Íslandi. Þessi niðurstaða hefði verið ánægjuleg staðfesting á gæðum sem Sjóvá byggði að í sínu starfsfólki og áherslum í mannauðsmálum. Sömu niðurstöður hefðu fengist úr Gallupkönnun þar sem skor félagsins hefði verið með því allra hæsta sem þekktist í þeim gagnagrunni. Ánægja starfsfólks héldist áfram í hendur við ánægju viðskiptavina. Sjóvá hefði mælst efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 2023, sjöunda árið í röð. Samkvæmt könnun Prósent væri Sjóvá það fyrirtæki sem flestum dytti fyrst í hug þegar kæmi að tryggingafélögum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Sjóvá væri að mælast með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaganna, með þétt riðið útibúanet og með hæstu einkunn tryggingafélaga þegar kæmi að upplifun viðskiptavina á stafrænum þjónustulausnum tryggingafélaga. Allt þetta ásamt mannauði félagsins kvað Hermann skýra góðan árangur.

Hermann greindi frá því að markviss vinna hefði verið lögð í að einfalda og bæta þjónustuferla hvort sem kæmi að sölu og ráðgjöf eða tjónþjónustu. Litið væri á allt landið sem eitt Sjóvá en með þróun upplýsingakerfa og samstilltu átaki væri hægt að þjóna hverjum og einum mun hraðar og skilvirkar. Þetta fyrirkomulag hefði leitt til fækkunar stöðugilda í þjónustu þrátt fyrir árlegan tekjuvöxt undangengin ár. Innviðir þyrftu að sama skapi að vera sterkir og því mikilvægt að fá staðfestingu á því, en Sjóvá hefði hlotið viðurkenningu FKA og Jafnvægisvogarinnar sem væri veitt fyrirtækjum sem þykja skara fram úr í jafnréttismálum. Þar hafi Sjóvá verið leiðandi í umræðu í gegnum árin, en meira máli skipti í tölulegum árangri og þarna sé meira um vert að láta verkin tala. Sjóvá hefði einnig hlotið viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum sem veitt væri af Stjórnvísí, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi. Þá hefði Sjóvá verið veitt viðurkenning félagsins, Áttavitinn, fyrir stuðning sinn við starfsemi Landsbjargar á landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í maí sl. Til viðbótar við áralangan stuðning hefði Sjóvá veitt Landsbjörgu styrk árið 2021 upp á 142,5 milljónir til kaupa á þremur nýjum björgunarskipum sem öll

væru komin í notkun og farin að sanna gildi sitt. Hermann kvað ánægjulegt að hafa getað stutt við þetta þarfa verkefni og félagið væri stoltur samstarfs- og styrktaraðili Landsbjargar þegar kæmi að tryggingarvernd sjálfbóðaliða og þeirra öryggismálum. Mest um vert væri samstarfið um forvarnir. Faglega og markvisst væri unnið að því að takmarka áhættu og tjón, enda vilji félagið vera leiðandi í forvarnastarfi í samfélaginu og leggi sig fram um að fá almenning og fyrirtæki í lið með sér.

Hermann kvað Sjóvá hafa náð góðum árangri í UFS sjálfbærnimati Reitunar í júlí. Þá hefði Sjóvá mælt yfir meðaltali í umhverfis- og félagsþáttum og verið á pari við meðaltal í stjórnarháttum í samanburði við önnur félög sem metin hefðu verið. Sjóvá hafi lengi keppt við að vera framarlega á sviði sjálfbærni og því væri ánægjulegt að fá þessa góðu niðurstöðu. Komið hefði verið á fót sjálfbærninefnd sem myndi stuðla að aukinni áherslu á sjálfbærni. Unnið væri að framkvæmd fyrstu mikilvægisgreiningar sjálfbærniþátta með aðkomu helstu hagaðila. Nefndi Hermann að markvisst hefði verið farið í að heimsækja fyrirtæki m.t.t. ástandsskoðana. Komið hefðu í ljós illa útbúin hús og mjög mikilvægt væri að félagið nýtti sitt gagnamagn til að sjá til þess að bætt yrði úr því sem hægt væri að bæta úr. Innleidd hefði verið umhverfisvæn lausn „Innsýn“ til að skoða tjónsmuni og vettvang tjóna í gegnum snjallsíma sem feli í sér mikinn sparnað í tíma og akstri. Minntist Hermann einnig á framrúðuplástrana og árangur af notkun þeirra m.a. út frá kolefnisspori, en mjög stór hluti tjónstilkynninga væri vegna framrúðutjóna. Hermann greindi þá frá stöðu eignasafns sem væri vel dreift og samanstæði af eignum á fjölbreytta útgefendur í fjölbreyttum atvinnugeirum. Fjárfestingar félagsins væru varfærnar og ábyrgar ásamt því að hafa bestu mögulegu ávöxtun með tilliti til áhættu til hliðsjónar.

Ávarpaði Hermann þá fundarmenn og þakkaði stjórnnum félagsins, endurskoðunarnefnd og tilnefningarnefnd fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Þá þakkaði Hermann viðskiptamönnum félagsins fyrir tryggðina og viðskiptin og síðast en ekki síst samstarfsmönnum í Sjóvá fyrir gefandi samstarf og þeirra metnaðarfulla framlag. Í framhaldi fór Hermann yfir helstu þætti ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2023 sem var staðfestur af stjórn félagsins og forstjóra 8. febrúar sl., en þann sama dag hefðu endurskoðendur félagsins, KPMG, gefið fyrirvaralaust álit sitt á því að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu og fjárhagsstöðu í árslok. Nefndi Hermann að formaður stjórnar hefði farið yfir breytta reikningsskilastaðla í sinni yfirferð og ætlaði hann því ekki að fara aftur yfir það.

Um rekstrarreikninginn

Fór Hermann þá yfir rekstrarreikning ársins og kvaðst ætla að tæpa á helstu atriðum og benda á skýringar sem ættu við. Tekjur af váttryggingasamningum námu 31,3 ma. árið 2023 og hækkuðu um 3,3 ma. eða um 11,6% frá árinu áður. Fjárfestingatekjur námu 4,8 ma. árið 2023 samanborið við 1,7 ma. árið áður, en afkoma af fjárfestingastarfsemi var afar góð á árinu. Tjón ársins námu 23,4 ma. samanborið við 20,2 ma. árið 2022 og hækkuðu um 15,8% milli ára eða um 3.198 m.kr. Tjónahlutfall hækkaði úr 72,2% í 74,9% milli ára. Rekstrarkostnaður ársins nam 6,5 ma. samanborið við 6,1 ma. árið 2022 og kostnaðarhlutfallið lækkaði úr 20,6% í 19,6% á milli ára. Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum nam 5,3 ma. og hagnaður fyrir tekjuskatt nam 5,3 ma. Reiknaður tekjuskattur var 719 m.kr. og hagnaður eftir skatta 4,6 ma. miðað við 2,7 ma. árið áður.

Um efnahagsreikninginn

Vék Hermann þá að yfirferð á efnahagsreikningi. Heildareignir hækkuðu úr 61,7 ma. árið 2022 í 69,3 ma. árið 2023. Rekstrarfjármunir hækkuðu úr 523 m.kr. árið 2022 í 531 m.kr. árið 2023. Verðbréf hækkuðu úr 51,3 ma. árið 2022 í 54,3 ma. árið 2023. Benti Hermann þessu tengt á skýringu nr. 15 og 16 um flokkun og gangvirði fjáreigna. Endurtryggingaeignir hækkuðu úr 1.038 m.kr. árið 2022 í 1.816 m.kr. árið 2023 og aðrar kröfur hækkuðu úr 906 m.kr. árið 2022 í 2,0 ma. árið 2023. Handbært fé nam 3,6 ma. árið 2023 í samanburði við 1,2 ma. árið áður. Eigið fé nam 23,3 ma í árslok 2023, en SCR gjaldþolshlutfall, sbr. skýring nr. 26, nemur 1,56 fyrir áætlaða arðgreiðslu. Breytingar á eigin fé síðustu

tveggja ára kvað Hermann koma fram á eiginfjárfirliti. Skuldbinding vegna váttryggingarsamninga hækkaði úr 32,1 ma. árið 2022 í 36,7 ma. árið 2023. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka hækkaði úr 5,2 ma. í 5,6 ma. á milli ára og viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækkuðu úr 1,3 ma. í 1,6 ma.

Vildi Hermann loks benda sérstaklega á eftirfarandi skýringar sem fylgdu reikningnum:

- Skýring nr. 3 um reikningshaldslegt mat og ákvarðanir
- Skýring nr. 4 um breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu
- Skýring nr. 5 og 6 um innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla
- Skýringar 27 til 33 um Áhættustýringu félagsins

Að lokum ávarpaði Hermann fundarstjóri og fundarmenn og kvaðst hafa lokið yfirferð sinni yfir ársreikninginn.

Að loknu erindi Hermanns bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls. Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar þá endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið reikningsár upp til samþykktar og voru endurskoðaðir reikningar félagsins samþykktir einróma.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári.

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 2,12 á hlut fyrir rekstrarárið 2023 eða um 2.450 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 7. mars 2024 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 11. mars 2024, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 8. mars 2024 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 21. mars 2024.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt. Við stefnuna bætist neðangreindur kafli um kaupréttaráætlun þar sem kveðið er á um heimild stjórnar að samþykkja kaupréttaráætlun sem heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk.“

„Stjórn félagsins er heimilt að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun til 3 ára sem heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk í samræmi við þá áætlun. Markmið félagsins með kaupréttaráætluninni er að tengja saman hagsmuni starfsmanna við hluthafa, auk þess sem áætlunin hjálpar til við að laða að hæft starfsfólk og auka tryggingu innan félagsins. Kaupréttaráætlun skal uppfylla kröfur 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem felur meðal annars í sér að kaupréttur að hlutabréfum skal ná til allra fastra starfsmanna félagsins að hámarksfjárhæð, 1.500.000 kr. á ári að kaupverði og skal slíkum hlutabréfum fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum í félaginu. Að lágmarki skulu líða tólf mánuðir frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur og skal kaupverð eigi vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag. Þá skulu starfsmenn eiga hlutabréfin í lágmarki tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur og skal kaupréttarsamningurinn ekki vera framseljanlegur. Kaupréttaráætlun sú sem stjórn útfærir skal staðfest af Skattinum áður en hún er sett á fót.“

Bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Einn af fundarmönnum kaus gegn tillögunni fyrir hönd erlends hluthafa sem fór með 2.906.809 hluti. Tók fundarstjóri fram að tillagan væri samþykkt með megin þorra atkvæða.

5. Tillaga um lækkun hlutfár vegna kaupa á eigin hlutum.

Kynnt var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um lækkun á hlutfé þess:

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækkun á hlutfé félagsins:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 7. mars 2024 samþykkir að hlutfé félagsins verði, lækkað um kr. 21.803.205 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutfélag. Hlutfé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.178.393.205 að nafnverði í kr. 1.156.590.000 að nafnverði.“

Las fundarstjóri upp eftirfarandi greinargerð stjórnar um tillöguna:

„Á aðalfundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. þann 10. mars 2023 var samþykkt heimild til handa stjórn félagsins að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Samkvæmt heimildinni mátti félagið kaupa að hámarki 117.839.321 hluti en það jafngildi 10% af útgefnu hlutfé félagsins. Á grundvelli þeirrar heimildar og heimildar frá aðalfundi árið áður hafði Sjóvá-Almennar tryggingar hf. keypt 21.803.205 eigin hluti, eða sem nemur 1,85% af útgefnu hlutfé á tímabilinu frá 10. febrúar 2023 til 9. nóvember 2023. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar var að lækka hlutfé félagsins og þess vegna leggur stjórn félagsins fram tillögu um að lækka hlutféð um 21.803.205 hluti eða þá eigin hluti sem voru keyptir á tímabilinu. Mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutfé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs. Lækkunin verður framkvæmd eftir að lögboðin skilyrði fyrir lækkuninni hafa verið uppfyllt.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins. Fór fundarstjóri fyrst yfir tillögu nr. I:

Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækkun hlutfjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykta félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutfjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. hljóði eftirleidis svo:

„Hlutfé félagsins er kr. 1.156.590.000 – einn milljarður eitt hundruð fimmtíu og sex milljónir fimm hundruð og níutíu þúsund krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum kost á að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

Þá fór fundarstjóri yfir tillögu nr. II:

Verði tillaga skv. dagskrárlið 4 um breytingar á starfskjarastefnu samþykkt er lagt til að við 6. gr. bætist við önnur málsgrein sem hljóði svo:

„Hluthafafundur hefur samþykkt heimild til handa stjórn að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 21.000.000 að nafnverði í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga sem félagið hefur gert við starfsfólk í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Heimildin gildir til 7. mars 2029, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum og hafa því ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykta kaupréttaráætlun félagsins.“

Las fundarstjóri upp greinargerð stjórnar um tillöguna:

„Tillaga þessi er nátengd tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins, samanber dagskrárlið 4, og veitir stjórn heimild til þess að hækka hlutfé til þess að efna kaupréttarsamninga við starfsfólk. Önnur tillaga stjórnar sem liggur fyrir fundinum er að veitt verði heimild til þess að nýta hluta af þeim hlutabréfum sem félagið kaupir í gegnum endurkaupaáætlun sína til þess að efna kaupréttarsamninga við starfsfólk. Tillaga stjórnar samkvæmt þessum dagskrárlið lýtur að því að veita stjórn svigrúm til þess að ákveða hverju sinni hvort eigin hlutir eða nýir hlutir verði nýttir til þess að efna kaupréttarsamninga.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum kost á að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

7. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Katrín S. Óladóttir formaður tilnefningarnefndar greindi frá störfum nefndarinnar árið 2023. Fyrir hönd tilnefningarnefndar vildi hún að gera örstutta grein fyrir störfum nefndarinnar á liðnu ári en vísaði einnig til aðalfundargerðar þar að lútandi. Nefndi hún aðra fundarmenn og Pálín Dögg Helgadóttur sem hefði ritað fundargerðir nefndarinnar og kynnu nefndarmenn henni bestu þakkir fyrir gott samstarf. Nefndin hafi hitt stjórnarfólk, varastjórn og hluthafa og fundir reynst gagnlegir. Í viðtölum hafi komið fram að allir ætluðu að sækjast eftir endurnýjuðu stjórnarsæti. Engin önnur framboð hefðu borist tilnefningarnefnd. Eftir vandlega skoðun væri nefndin sammála um að stjórn byggi yfir nægilegri þekkingu, hæfni og reynslu og kvað Katrín nefndina hafa verið sammála um að leggja það til að stjórn félagsins yrði endurkjörin, enda góður árangur af störfum þeirra. Fól Katrín síðan fundarstjóra að fara yfir tillöguna.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að tjá sig um skýrslu tilnefningarnefndar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

8. Kosning stjórnar félagsins.

Fundarstjóri fór yfir hverjir hefðu gefið kost á sér í stjórn og varastjórn félagsins.

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Nesbala 66, 170 Seltjarnarnesi.
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ.
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Naustavör 11, 200 Kópavogi.
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, 210 Garðabæ.
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík.

Í framboði til varamennsku í stjórn voru eftirtaldir:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Hegranesi 24, 210 Garðabæ.
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um kosningu stjórnar. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Sjálfkjörið var í aðalstjórn og varastjórn þar sem önnur framboð bárust ekki. Lýsti fundarstjóri aðalstjórn og varastjórn réttkjörna stjórn félagsins.

9. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar félagsins:

„Lagt er til að KPMG ehf. verði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.“

Engar umræður urðu um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

10. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri greindi frá svohljóðandi tillögu stjórnar félagsins:

„Stjórn leggur til að aðalfundur tilnefni Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur og Friðrik S. Halldórsson til setu í endurskoðunarnefnd.“

Fundarstjóri gaf fundarmönnum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Tillagan var samþykkt einróma.

11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Fundarstjóri fór yfir hverjir væru tilnefndir í tilnefningarnefnd til næstu tveggja ára í samræmi við 24. gr. samþykka félagsins:

Í framboði til tilnefningarnefndar voru eftirtaldir:

- Katrín S. Óladóttir.
- Finnur R. Stefánsson.
- Sigríður Olgeirsdóttir.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum tækifæri til að taka til máls um framboð í tilnefningarnefnd. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Sjálfkjörið var í tilnefningarnefnd þar sem önnur framboð bárust ekki. Lýsti fundarstjóri ofangreinda aðila rétt kjörna í tilnefningarnefnd félagsins.

12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar félagsins:

„Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 437.000 á mánuði í kr. 459.000 og að laun stjórnarformanns verði hækkuð úr kr. 858.000 á mánuði í kr. 901.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 459.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 159.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 36.000 á mánuði og kr. 47.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.“

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að taka til máls um tillöguna. Stjórnarformaður óskaði eftir að fá að taka til máls.

Stjórnarformaður greindi frá því að í ljósi samningaviðræðna SA og breiðfylkingar stéttarféлага, þar sem kunnugt væri um efni samninga, þá vildi stjórn leggja til við fundinn að launakjör stjórnarmanna og nefndarmanna yrðu endurskoðuð í ljósi þessa. Almennt yrði hækkun stjórnarlauna lægri en þessi tillaga gerði ráð fyrir og laun myndu hækka almennt um 3,25% . Gott væri fyrir félagið og ásynd þess að tekin yrði ábyrg afstaða undir þessum lið. Tillagan væri sú að stjórnarlaun yrðu um 451.000 kr., formanns 886.000 kr. o.s.frv. (þ.e. 3,25% námundað upp og niður), sem kæmi síðan einnig inn á nefndarmenn og stjórnarmenn í Sjóvá líf með sömu hækkunum þar. Lagði stjórnarformaður eftirfarandi breytingatillögu fram fyrir hönd stjórnar félagsins:

„Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 437.000 á mánuði í kr. 451.000 og að laun stjórnarformanns verði hækkuð úr kr. 858.000 á mánuði í kr. 886.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 451.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 156.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 35.000 á mánuði og kr. 46.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.“

Fundarstjóri tók til máls í framhaldi og sagði breytingartillögu ganga skemur en fyrri tillögu og því væri breytingartillagan borin upp til atkvæða. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Engar umræður urðu um tillögurnar. Var því næst gengið til atkvæða. Var tillagan svo breytt samþykkt einróma.

13. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykka félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 7. mars 2024 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 115.659.000 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem

félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutfé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutfé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Las fundarstjóri upp eftirfarandi greinargerð stjórnar um tillöguna:

„Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái nýja heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Heimildin til þess að nota hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar til þess að uppfylla skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum er nátengd tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins, samanber dagskrárlið 4. Sem fyrr er tilgangur félagsins með endurkaupum einnig að lækka hlutfé félagsins, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Samþykki aðalfundur tillögu stjórnar um áframhaldandi heimild til kaupa á eigin hlutum mun núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, samanber samþykkt aðalfundar 10. mars 2023, falla brott.“

Engar umræður urðu um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt einróma.

14. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist. Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls.

Að svo búnu óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að að ganga frá fundargerð. Var sú heimild samþykkt. Samkvæmt 16. gr. samþykkt félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fundastjóri þakkaði fundarmönnum fyrir.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15:55.

Fundarstjóri:

Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:

Sigríður Helga Árnadóttir, lögfr.

